

2-5 leikmenn, 8 ára og eldri

BABA YAGA

Galdraspilið

SPILAREGLUR

INNIHALD

78 spil

MARKMIÐ

Að vera með fæst stig á hendi í lokin. Til þess þarf að beita göldrum til að safna Baba Yaga-spilum og öðrum spilum sem gefa fá stig.

UNDIRBÚNINGUR

★ Flokkið Baba Yaga-spilin (með rauðri bakhlið) og Ugluspilin (með blágrænni bakhlið) frá aðalstokknum (með svartri bakhlið) og raðið bunkunum á mitt borðið.

★ Skoðið spilin í aðalstokknum smástund til að átta ykkur á hvernig þau líta út. Takið eftir því að flest þeirra eru töfradrykkjarspil (sem gefa 1-7 stig). Auk þeirra eru þrjár tegundir af galdraspilum: Pelíkanar, Kettirnir hennar Baba Yaga og hinn Týndi töfrasproti Baba Yaga. Í horninu á hverju galdraspili er tala sem sýnir hversu mörg stig þarf til að fremja galdurinn. Einnig eru tvö sérspil: Hvít-laukurinn og Mortélið. (sjá nánar undir „Galdrar“ og „Sérspil“).

★ Þegar allir hafa kynnt sér spilin, takið þá aðalbunkann, stokkið hann og gefið hverjum leikmanni 5 spil (gætið þess að sýna ekki öðrum spilin sem þið eruð með á hendi).

★ Setjið síðan bunkann á hvolf á mitt borðið. Snúðið við efstu tveimur spilunum og leggið þau sitt hvoru megin við bunkann sem kastbunka.

UPPRÖÐUN



GANGUR SPILSINS

Sá sem síðast sá svartan kött byrjar og síðan er farið réttssælis í kringum borðið. Sá sem á leik gerir eitt af eftirfarandi og gætir þess að hann sé alltaf með fimm spil á hendi þegar hann hefur lokið við að gera.

1. Skipt á spili. Sá sem á leik leggur niður eitt spil af hendi (hvaða spil sem er) á annan af kastbunkunum tveimur og dregur svo annað hvort efsta spilið úr svarta bunkanum eða tekur efsta spilið í hinum kastbunkanum. Þó má hann ekki taka galdraspil sem er nýbúið að galdra með (sjá nánar undir „Göldrum beitt“).
Ath. að ef einhver tíma er aðeins einn kastbunki á borðinu verður sá sem á leik að kasta sínu spili í hinn bunkann.

2. Göldrum beitt. Ef sá sem á leik á galdraspil á hendi (Pelíkana, Uglu, Ketti eða Týnda töfrasprotann) má hann galdra með því, ef hann á líka eitt eða fleiri töfradrykkjarspil sem samtals hafa sama stigafjöld og er á galdraspilinu (t.d. er hægt að nota tvö töfradrykkjarspil, sem hafa 3 stig og 4 stig, til að galdra með pelíkanaspili). Þá leggur hann töfradrykkjarspilin ofan á annan kastbunkann og galdraspilið ofan á þau. Þegar galdurinn hefur haft sín áhrif dregur leikmaðurinn úr svarta bunkanum þar til hann er aftur með 5 spil á hendi.

Munið: Samanlagt verða stigin á töfradrykkjarspilunum að nema nákvæmlega sömu tölu og á galdraspilinu til að galdurinn virki. Ef sett er út galdraspil án töfradrykkjarspila gerist ekkert og þá má næsti leikmaður taka það upp þegar hann á leik.

3. Segið „Baba Yaga“ Ef sá sem á leik er með 4 stig eða færri á hendi má hann segja „Baba Yaga“ og þá lýkur spilin.



Mikilvægt: Bakhliðin á Baba Yaga-spilunum er rauð og bakhliðin á ugluspilunum blágræn. Fylgist vel með spilunum á hendi mótspilaranna og reynið að meta, af hegðun þeirra og spilunum, hversu langt er í að þeir segi „Baba Yaga!“

Ef bunkinn með svörtu spilunum klárast, stokkið þá saman báða kastbunkana og leggið á hvolf í nýjan bunka. Ef einhver Ugluspil voru í kastbunkunum verða þau nú hluti af svarta bunkanum sem dregið er úr og leikmenn mega nota þau þegar þeir eiga leik.

GALDRAR

Til að ná sem fæstum stig á hendi er best að safna Baba Yaga-spilum, sem gefa 0 stig. Til að fá þau verður að beita Pelíkana- og Uglugöldrunum.

Pelíkani getur breytt sér í Baba Yaga eða Uglu. Leggið niður töfradrykkjarspil af hendi sem samtals gefa 7 stig, ásamt pelíkanaspili og dragið því næst annað hvort eitt Baba Yaga-spil eða eitt Ugluspil úr viðkomandi bunkum. Dragið síðan úr svarta bunkanum uns þið eruð aftur með 5 spil á hendi (ef þarf).

Ugla getur breytt sér í tvær Baba Yagas Leggið niður töfradrykkjarspil af hendi sem samtals gefa 7 stig ásamt Ugluspili og dragið síðan tvö Baba Yaga-spil úr viðkomandi bunka. Dragið síðan úr svarta bunkanum uns þið eruð aftur með 5 spil á hendi (ef þarf).

Kettirnir hennar Baba Yaga og Týndi töfrasprotinn Í aðalstokknum leynast Kettirnir hennar Baba Yaga og Týndi töfrasprotinn hennar. Bæði þessi spil hafa töframátt sem gera leikmanni kleift að skemma fyrir mótspilurinum.

Takið Baba Yaga-spil eða Ugluspil af öðrum leikmanni. Leggið niður töfradrykkjarspil af hendi sem samtals gefa 7 stig, ásamt Kattaspili. Takið því næst Baba Yaga-spil eða Ugluspil af öðrum leikmanni að eigin vali! Sá leikmaður verður að gefa þér spilið og draga nýtt í staðinn úr svarta bunkanum. Dragið síðan úr svarta bunkanum uns þið eruð aftur með 5 spil á hendi.

Flæmið burt Baba Yaga og Uglur Leggið niður töfradrykkjarspil af hendi sem samtals gefa 8 stig ásamt spilinu með týnda töfrasprotanum. Segið síðan hvort þið viljið flæma burt Baba Yaga eða uglur. Allir leikmenn sem eru með slíkt spil á hendi (nema sá sem á leik) verða þá að skila einu þeirra í viðkomandi bunka á borðinu og draga nýtt spil úr svarta bunkanum. Dragið síðan úr svarta bunkanum uns þið eruð aftur með 5 spil á hendi.

SÉRSPIL

Hvít-laukur verndar gegn göldrum Ef leikmaður er beittur galdri Týnda töfrasprotans eða Kattagaldri getur hann stöðvað galdurinn með hvít-lauksspili. Í stað þess að gera það sem galdurinn segir til um leggur hann hvít-lauksspilið á annan kastbunkann og dregur nýtt spil úr svarta bunkanum. Það þarf ekki að nota nein töfradrykkjarspil með hvít-lauksspilinu. Hins vegar gilda hvít-lauksspilin 10 stig ef leikmaður situr uppi með þau á hendi í lok spilsins.

Mortélið gildir sem hvaða töfradrykkjarspil sem er Spilið með mortélinu má nota í stað hvaða töfradrykkjarspila sem er þegar galdrað er. Leggið það ofan á annan kastbunkann ásamt einhverju galdraspili af hendi. Það þarf ekki að nota nein töfradrykkjarspil með mortélinu. Hins vegar gilda spilin með mortélinu 10 stig ef leikmaður situr uppi með þau á hendi í lok spilsins.

LOK SPILSINS

Þegar einhver leikmanni er kominn með 4 stig eða færri á hendi má hann segja „Baba Yaga“ og þá er spilið búið. Einungis sá sem á leik má segja Baba Yaga og hann má ekki galdra í sömu umferð. Þ.e.a.s. ef sá sem á leik galdrar og er þá kominn með 4 stig eða færri verður hann að bíða með að „Baba Yaga“ þar til hann á næst leik.

Þegar einhver hefur sagt „Baba Yaga“ sýna allir leikmenn spilin sín og leggja saman stigin á þeim, líka á galdraspilum eða sérspilum. Sá sem er með fæstu stigin vinnur. Ef um jafntefli er að ræða vinnur sá sem er með fleiri Baba Yaga-spil.

SPILAÐ Í UMFERÐUM

Hafið blað og blýant við höndina til að skrifa niður stigin. Spilið nokkrar umferðir eftir reglunum hér að framan. Í lok hverrar umferðar fær hver leikmaður stig sem hér segir (sem bætast við stig hans úr fyrri umferðum):

- **Sigurvegurinn** – 0 stig
- **Þeir sem tapa** – stigafjöldann sem þeir eru með á hendi
- **Sá sem segir „Baba Yaga“ en tapar fyrir öðrum sem er með færri stig** – 25 stig (hinn leikmaðurinn fær 0 stig)
- **Sá sem segir „Baba Yaga“ og vinnur með 5 Baba Yaga-spil á hendi** – 0 stig og allir aðrir leikmenn fá 30 stig.
- **Leikmaður sem er með 5 töfradrykkjarspil á hendi, sem öll gefa 1 stig, þegar einhver segir „Baba Yaga“**: - 0 stig og allir aðrir leikmenn fá 20 stig.

Þegar einhver leikmanni nær 100 stigum vinnur sá sem þá er með lögstu stigin.




YFIRLIT YFIR SPILIN

	Takið 1 Baba Yaga-spil eða 1 Ugluspil		Allir (nema sá sem á leik) skila 1 Baba Yaga-spili eða 1 ugluspili
	Takið 2 Baba Yaga-spil		Stöðvar Kattagaldur eða Töfrasprotagaldur þegar í stað
	Stelið 1 Baba Yaga-spili eða ugluspili af hverjum sem er		Gildir sem hvaða töfradrykkjarspil sem er

FRÁ GAMEWRIGHT

Fyrir þá sem ekki þekkja heiti spilsins þá er Baba Yaga þjóðsagnapersona úr slavneskri þjóðtrú. Þótt það fari ýmsum sögum af uppruna nafnsins og smáatriðum sögunnar ber öllum saman um að sagan sé líflæg og að þar gerist margt óvænt! Höfundur spilsins, Itay Ben Ari, fangar vel anda hinnar leyndardómsfullu Baba Yaga í þessu snjalla spili sem er fullkomin blanda af heppni, kænsku og óvæntum uppákomum. Sviprikar myndskreytingar listamannsins Dima Je kalla fram tilfinningar um töfra úr öðrum heimi. Við vonum að þú finnr fyrir einhverjum af þessum töfrum á meðan þú spilar!

Spil eftir Itay Ben Ari
Myndskreytingar eftir Dima Je



Games for the Infinitely Imaginative
70 Bridge Street
Newton, MA 02458
Tel: 617-924-6006
email: jester@gamewright.com
http://www.gamewright.com
©2016 Gamewright, a division of Ceaco, Inc.
All worldwide rights reserved.



Game by Itay Ben Ari
Illustrations by Dima Je

Follow us!



Facebook.com/gamewright @gamewright Youtube.com/gamewright